

Sömu refsingu skal sá sæta, sem hefur til sölu eða dreifingar rit, er skortir nafngreiningu samkvæmt 1. gr., eða veit, að rangt er skýrt frá þeim atriðum. 105
17. des.

3. gr.

2. málsgrein 3. gr. tilskipunarinnar orðist svo:

Ef enginn slíkur höfundur hefur nafngreint sig, ber útgefandi rits ábyrgðina, því næst sá, er hefur ritið til sölu eða dreifingar, og loks sá, er annazt hefur prentun þess.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 17. desember 1954.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

L Ö G

106

um yfirstjórn mála á varnarsvæðunum o. fl.

17. des.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Nú leggja lög tiltekinn flokk mála til eins og sama ráðherra, og skal það ekki vera því til fyrirstöðu, að við skiptingu starfa með ráðherrum sé ráðherra þeim, sem falin er framkvæmd varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna, er lög-giltur var með lögum nr. 110/1951, fengin meðferð slíks málaflokks í lögsagnarum-dæmi Keflavíkurflugvallar og á öðrum landsvæðum, er varnarliðinu eru fengin til afnota á hverjum tíma. Slík heimild gildir um dómsmál, að því er varðar brot, sem framín eru á varnarsvæðunum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 17. desember 1954.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.